

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 167/2012****2012/EES/70/15****frá 28. september 2012****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 29b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32010 L 0073**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 29d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32010 L 0073**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/73/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.